

Hafnarfirði 20. febrúar 2019

Sviðsstjóri fræðslu og menntasviðs,  
Fræðsluráð Hafnarfjarðar.

Erindi: Aukning á stöðugildi vegna breytinga í forskóla og hljóðfærakaup vegna  
forskóla.

Undanfarnar vikur hefur verið unnið að hugmyndum að breytingu á forskólakennslu  
fyrir næsta skólaár. Breytingin felur í sér að allir nemendur á seinna ári forskóla læra á  
blásturshljóðfæri í stað blokkflautu. Kennt yrði í þriggja manna hópum tvisvar í viku  
þar sem hver nemandi fengi einn 20 mínútna einkatíma og einn 30 mínútna hóptíma á  
viku.

Kennsla af þessu tagi hefur verið sem tilraunaverkefni í Tónlistarskóla Garðabæjar og  
hefur gefist vel. Aukin launakostnaður vegna þessa verkefnis yrði um 6.000.000kr á  
skólaárinu 2019 – 2020. Kostnaður vegna hljóðfærakaupa yrði tæplega 3.000.000 kr.

Spurningin er hvort bæjaryfirvöld séu reiðubúin að veita málinu framgöngu.

Með bestu kveðjum,  
Eiríkur Stephensen skólastjóri  
Stefán Ómar Jakobsson aðstoðarskólastjóri